

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
310 BORGARNES

Garðabær, 6. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0039
SS

Efni: Umsögn um skipulagslýsingu fyrir aðalskipulagsbreytingu í landi Hraunsáss.

Vísað er í tölvubréf frá Borgarbyggð, sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 23. maí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um skipulagslýsingu fyrir breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 í landi Hraunsáss 3.

Aðalskipulagsbreytingin snýr að því að svæði í landi Hraunsáss 3 verði breytt úr frístundabyggð í verslunar- og þjónustusvæði. Landið er enn óbyggt í dag en það er staðsett austarlega í Hálsasveit, nálægt Hvítá rétt austan við friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss. Svæðið er í skipulagt í dag sem frístundabyggð en hún hefur ekki risið enn. Nú er stefnt að því að byggja þar í staðinn byggð 25 gistihúsa fyrir ferðafolk ásamt þjónustuhúsi. Þörf er á að leggja sérstakan þjónustuveg fyrir gistihúsin.

Svæðið er í dag óbyggt og vaxið birkiskógi að stórum hluta. Ljóst er að uppbyggingin mun raska birkiskóginum og þar með skógvistgerðum með hátt verndargildi. Fram kemur í greinargerð skipulagslýsingarinnar að haga þurfi framkvæmdum með þeim hætti að skóginum verði raskað sem minnst. Náttúrufræðistofnun telur mjög mikilvægt að því sé fylgt eftir og reynt að staðsetja gistihús þannig að raski sé haldið í lágmarki. Þá þarf að fylgja skilmálum hverfisverndar um að heimila ekki ræktun útlendra plöntutegunda á svæðinu.

Huga þarf að því hvort uppbyggingin geti haft áhrif á friðlýsta svæðið við Hraunfossa og Barnafoss t.d. með aukinni umferð gangandi vegfarenda frá gistihúsunum. Leita þarf samráðs við Umhverfisstofnun því tengt.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

